

Kaup Nesnúps ehf. á Aflhlutum ehf.

1. Þann 22. júlí 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Nesnúps ehf. (hér eftir „Nesnúpur“) á öllum hlutum í Aflhlutum ehf. (hér eftir „Aflhlutir“). Með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist ekki fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því ekki að líða fyrr en 23. ágúst 2022 er viðbótargögn bárust. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið einkum til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sömu mörkuðum.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Nesnúpur sinnir byggingastarfsemi, verktakastarfsemi, kaup/sölu/rekstur véla, tækja og fasteigna, lánastarfsemi og skyldum rekstri. Felst dagleg starfsemi þess fyrst og fremst í rekstri fasteignaverkefna. Nesnúpur á 34,62% hlut í Expeda ehf., sem sinnir rekstri hátæknifyrirtækis á heilbrigðissviði og öðrum skyldum rekstri. Þá á fyrirtækið 100% hlut í Skarðshlíð ehf., sem starfar við kaup, sölu, rekstur, eignarhald, byggingu og leigu fasteigna og hvers kyns lausafjár, viðskipti með hlutabréf og önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og annan skyldan rekstur. Engin skörun er á starfsemi Nesnúps og dótturfélaga. Eigendur Nesnúps eru Unnar Steinn Hjaltason, Einar Þór Hjaltason og Hanna Rúna Hjaltadóttir en þau eiga fyrirtækið VHE ehf. (hér eftir „VHE“), ásamt tveimur öðrum einstaklingum, sem þau tengjast fjölskylduböndum. VHE á allt hlutafé í PON ehf. (hér eftir „PON“). Þá eiga Unnar Steinn Hjaltason (60%) og Einar Þór Hjaltason (40%) félagið Ísold ehf. (hér eftir „Ísold“).
 - b) Starfsemi Aflhluta felst í innflutningi, útflutningi og sölu véla, vélahluta og varahluta, auk þjónustu. Þá sinnir félagið einnig kaupum, sölu og rekstri fasteigna, lánastarfsemi og öðrum skyldum rekstri. Dagleg starfsemi Aflhluta felst þó í sölu og þjónustu á tækjalausnum og tækjabúnaði einkanlega til fyrirtækja í sjávarútvegi og til verktaka í iðnaði og stóriðju. Áherslur Aflhluta eru á að útvega varahluti og vélabúnað á sem skemmstum tíma og á samkeppnishæfum verðum í ýmsar gerðir af vélum og búnaði sem í notkun eru, bæði til sjós og lands. Þá veitir félagið einnig viðskiptavinum tæknilega þjónustu.
3. Að mati samrunaaðila starfa aðilar á ótengdum mörkuðum. Í samrunaskrá segir að Nesnúpur starfi fyrst og fremst í byggingargeiranum og að Aflhlutir selji tækjalausnir og tækjabúnað til fyrirtækja í sjávarútvegi og til verktaka. Að mati samrunaaðila mun samruninn ekki hafa nein samkeppnisleg áhrif, þar sem að Aflhlutir starfi á markaði fyrir sölu véla og tækja fyrir fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði hér á landi og hvorki Nesnúpur né félög í samstæðu VHE starfi á sama



markaði. Þá vísa samrunaaðilar í fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins, þar sem fjallað hefur verið um samruna á byggingavörumarkaði og í iðnaði tengdum sjávarútvegi.¹

4. Samkvæmt samrunaskrá hafa Aflhlutir [0-5]% hlutdeild af markaði fyrir sölu véla og tækja fyrir fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði hér á landi en hlutdeildin mun ekki hafa áhrif á Nesnúp, sem starfi á ótengdum mörkuðum. Samrunaaðilar ætli sér að halda rekstri óbreyttum en sjái fyrir sér að hægt verði að hagræða rekstrinum m.a. með samnýtingu á húsnæði. Þá mun samruninn ekki hafa áhrif á efnahagslegan styrk samrunaaðila eða gera þeim kleift að hindra samkeppni. Markaðirnir sem um ræðir séu tilboðsdrifnir og aðgengi á markaðnum sé gott og fáar hindranir séu til staðar fyrir keppinaut til að hefja starfsemi.
5. Eftir að hafa lagt mat á þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg, enda starfa aðila að miklu leyti á ótengdum mörkuðum. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Nesnúps ehf. á öllum hlutum í Aflhlutum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Samrunaaðilar hafa vísað í ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2022, Samruni Fagkaupa ehf. og Hagblikks ehf., nr. 11/2022, Samruni Fagkaupa ehf. og ÍJ ehf., nr. 8/2022, Samruni Rubix Íslandi ehf. á öllum hlutum í Verkfærasölu ehf., nr. 24/2021, Kaup Sameyjar Holding ehf. á Samey sjálfvirknimiðstöð ehf., nr. 16/2021, Kaup Stál í stál ehf. á Deili tækjapjónustu ehf., nr. 10/2021, Samruni Ísmar ehf. og Fálkans hf., nr. 4/2021, Samruni Johan Rönnin ehf. og Varma og vélaverks ehf.